



## Doktorsvörn við Háskóla Íslands

# Alexandra Aldís Heimisdóttir

Föstudaginn 12. júní síðastliðinn varði Alexandra Aldís Heimisdóttir doktorsritgerð sína í læknávisindum við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi verkefnisins var prófessor Tómas Guðbjartsson. Í doktorsnefnd sátu Anders Jeppsson prófessor, Karl K. Andersen prófessor og Sigurbergur Kárason prófessor. Andmælendur voru dr. Lars Erik Sören Berg, prófessor og yfirlæknir við Háskólasjúkrahúsið í Linköping, og dr. John-Peder Escobar Kvitting, prófessor við Háskólasjúkrahúsið og Háskólann í Osló.

Doktorsritgerðin fjallar um blæðingar eftir hjartaaðgerðir, sem eru meðal algengustu og alvarlegustu fylgikvilla slíkra aðgerða. Markmiðið var að rannsaka áhættuþætti blæðinga og áhrif þeirra á af-

drif sjúklinga, bæði til skemmri og lengri tíma.

Ritgerðin byggir á fimm rannsóknum sem náðu til sjúklinga sem gengust undir hjartaaðgerðir á Íslandi og í Svíþjóð. Niðurstöðurnar sýndu meðal annars að enduraðgerð vegna blæðingar tengdist aukinni hættu á fylgikvillum og dánartíðni fyrstu mánuðina eftir aðgerð, en hafði ekki áhrif á langtímalífun þeirra sem lifðu af upphafstímabilið. Einnig voru skilgreindir áhættuþættir blæðinga og sýnt fram á verulega fækkun blóðhlutagjafa á síðustu tveimur áratugum.

Niðurstöðurnar veita nýja innsýn í blæðingafylgikvilla eftir hjartaaðgerðir og geta nýst við áhættumat, meðferð og eftirfylgd sjúklinga í framtíðinni.



## Hvað segir nýdoktorinn?

### Hvað leiddi þig inn í vísindarannsóknir og doktorsnám?

Áhugi minn á vísindum hófst mjög snemma. Frá barnæsku hef ég verið heilluð af náttúrunni og haft mikla forvitni um hvernig hlutirnir virka. Fyrsta ástríðan mín voru skordýr og líffræði þeirra, síðar tók stærðfræðin við og að lokum stjörnufræði og stjarneldisfræði, sem voru mín helstu áhugamál áður en ég hóf nám í læknisfræði, og eru raunar enn.

Því var mér alltaf ljóst að hvert sem leið mín lægi myndi ég á endanum enda við rannsóknir eða greiningarvinnu. Doktorsnám var því markmið sem ég hafði haft lengi í huga. Kannski eru Nóbelsverðlaunin hið endanlega markmið, en það verður framtíðin að leiða í ljós!

Þegar ég var á öðru ári í læknámi fór ég markvisst að leita að tækifærum til að taka þátt í rannsóknum. Sem betur fer fékk ég slíkt tækifæri þegar Tómas Guðbjartsson tók mér opnum örmum inn í rannsóknarhóp sinn. Sú vinna sem ég hef unnið innan rannsóknarteymisins hans hefur fylgt mér alla leið frá BS-verkefni mínu og nú að doktorsverkefninu.

### Hvernig var námsskipulagið og var nægur tími til vísindavinnu?

Mitt doktorsnám var líklega ekki alveg hefðbundið. Ég vann samhliða því í 100% starfi, flutti á milli landa, byrjaði í sérnámi, eign-

aðist barn og fór í fæðingarorlof. Það var því enginn ákveðinn tími frátekinn fyrir rannsóknir, heldur þurfti ég að finna glufur í dagskránni, á milli vakta, fjölskyldulífs og annarra skyldna, til að sinna rannsóknunum og sækja þau námskeið sem tilheyrðu náminu.

### Hver eru þín næstu skref í vísindum eftir doktorsnámið?

Næstu skref hjá mér verða fyrst og fremst að ljúka sérnámi mínu í meinafræði. Samhliða því hef ég þegar hafið undirbúning að næsta rannsóknarverkefni, þar sem ég tek þátt í NorCUP-rannsókninni við Haukeland-háskólasjúkrahúsið í Noregi. Rannsóknin beinist að sjúklingum með CUP (*Cancer of Unknown Primary*), krabbamein þar sem upprunastaður æxlisins er óþekktur, og markmiðið er að bæta greiningu og meðferð þessa sjúklingahóps.

Þótt fókusinn muni færast meira yfir á meinafræði útiloka ég alls ekki að halda áfram rannsóknum á sviði skurðlækninga ef tækifæri gefst. Það er ekki endilega ákveðið sérsvið sem laðar mig að rannsóknum heldur sjálf vísindin. Góð rannsóknarspurning og möguleikinn á að bæta þekkingu eða meðferð sjúklinga eru það sem vekur áhuga minn. Ég sé því doktorsnámið ekki sem endapunktur heldur upphaf að áframhaldandi þátttöku í vísindum samhliða klínisku starfi.